

Sp.

272. Nefndarálit

[1. mál]

um frv. til fjárlaga fyrir árið 1987.

Frá 1. minni hl. fjárveitinganefndar.

Í greinargerð með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1986 var því slegið föstu að með því næðust fram þau meginmarkmið „að nýjar erlendar lántökur opinberra aðila verða ekki meiri en nemur afborgunum eldri gengisbundinna lána. Í öðru lagi er með þessu frumvarpi séð til þess að sem næst jöfnuður verði á rekstri ríkisins, en það er veigamikil forsenda jafnvægisbúskapar á efnahagssviðinu almennt“.

Fjárlög fyrir árið 1986 voru síðan afgreidd með 163 millj. kr. rekstrarafgangi. Nú í árslok er á hinn bóginn ljóst að halli á rekstri ríkissjóðs verður nálega 2000 millj. kr. og brestur þar „veigamikil forsenda jafnvægisbúskapar á efnahagssviðinu almennt“.

Á sama hátt hefur tekist til um annað yfirlýst meginmarkmið ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum. Nýjar erlendar langtímalántökur opinberra aðila nema á árinu 1986 5158 millj. kr. en afborganir slíkra lána á hinn bóginn 2700 millj. kr. Hrein erlend skuldaaukning opinberra aðila nemur því nær 2½ milljarði króna á þessu ári.

Þannig hefur niðurstaðan orðið um stefnu ríkisstjórnarinnar í ríkisfjármálum og efnahagsmálum, og með fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 er enn haldið áfram á sömu braut hallareksturs og skuldasöfnunar. Nú er horfið frá öllum jákvæðum markmiðum og beinlínis stefnt að stórfelldum hallarekstri ríkissjóðs þriðja árið í röð, samtals um 6000 millj. kr. á þremur árum á verðlagi 1986. Þrátt fyrir mjög verulega auknar þjóðartekjur öll þessi ár, sem gera má ráð fyrir að færi ríkissjóði sérstaklega um 4000 millj. kr. í brúttótekjur, þá jafngildir hallarekstur og skuldasöfnun ríkissjóðs á þessu tímabili um 12 Hafskipsgjaldþrotum.

Á s.l. vori átti verkalýðshreyfingin frumkvæði að því við gerð kjarasamninga að átak yrði gert til þess að kveða niður verðbólgu í landinu, og náði fram samningum við ríkisvaldið um framgang þeirrar stefnu. Fyrir þætti ríkisins í samningunum hefur ríkisstjórnin ekki séð með öðrum hætti en auknum hallarekstri og skuldasöfnun innan lands og utan, og stefnir með því í hættu þeim árangri sem verkalýðsfélögin kepptu að í verðlagsmálum. Ríkisstjórnin velti vandanum á undan sér eftir febrúarsamningana með athafnaleyfi í tekjuöflun og óráðsú í útgjöldum. Niðurstaðan er 2000 millj. kr. rekstrarhalli ríkissjóðs í góðærinu.

Fjárlagafrumvarp fyrir næsta ár staðfestir síðan að enn á að hafa sama háttinn á. Þar er sérstaklega boðaður viðbótarhallarekstur og skuldasöfnun.

Enn hafa ekki verið lagðar fyrir fjárveitinganefnd neinar upplýsingar um áhrif nýgerðra kjarasamninga á hag ríkissjóðs eða hvernig ríkisvaldið hyggst gegna sínu hlutverki í verðlagsmálum. En ljóst er að árangur samninganna getur staðið eða fallið með efnahagsákvörðunum ríkisstjórnarinnar. Þar er afgreiðsla fjárlaga og lánsfjáráætlunar eitt lykilatriðið.

Augljóst er að snúa verður af braut hallareksturs og skuldasöfnunar. Hvort tveggja hefur brugðist, tekjuöflunarstefnan og aðhald í útgjöldum. Frá árinu 1984 til tekjuáætlunar 1987 hafa tekjur ríkissjóðs á föstu verðlagi hækkað um 0,6% á uppgripaárum en útgjöld um 16,3%. Fyrirtæki og eignaaðilar hafa notið aukinna skattaávilnana og meira en helmingur fyrirtækja greiðir engan tekjuskatt. Á Íslandi nemur tekjuskattur félaga 2,4% af heildartekjum ríkissjóðs en t.d. í Bandaríkjunum 7,1%.

Tekjuöflunin er vanrækt gagnvart gróðafyrirtækjum en útgjaldabættirnir vaxa. Þar eru fjárveitingar til aðalskrifstofu ráðuneytanna dæmigerðar um það aðhald sem beitt er. Framlag til þeirra hækkar að jafnaði um rúmlega 25% frá fjárlögum 1986 til fjárlagafrumvarps 1987, sem er á desemberverðlagi 1986, en á sama tímabili hafa laun hækkað um nálega 14% og rekstargjöld um tæp 3%.

Á sama tíma hafa framkvæmdaframlög verið stórlega skorin niður, einkum á þessu ári. Þau framlög hækka nokkuð í fjárlagafrumvarpinu og í meðförum fjárveitinganefndar en fela þó í sér verulegan niðurskurð t.d. frá árinu 1983. Miðað við breytingartillögur fjárveitinganefndar nú við 2. umr. þyrfti framlag til dagvistarstofnana, mennta- og fjölbrautaskóla, grunnskóla, sjúkrahúsa, heilsugæslustöðva, hafnarframkvæmda og flugvalla að hækka um ríflega 30% til þess að jafngilda framlögum samkvæmt ríkisreikningi 1983.

Vegna niðurskurðar á framkvæmdafé eru ógreiddar til sveitarfélaga mjög verulegar fjárhæðir vegna sameiginlegra framkvæmda sem sveitarfélög hafa staðið að með ríkinu. Það hefur svo enn hert að sveitarfélögunum að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur að meðtöldu árinu 1987 verið skorinn niður um ríflega 700 millj. kr. á núgildandi verðlagi.

Lengst ganga þó stjórnarflokkarnir í niðurskurði á framlögum til samfélagslegrar þjónustu þegar þeir elta uppi þá sem erfiðast eiga í þjóðfélaginu, öryrkja, og skera niður framkvæmdasjóð þeirra um 50 millj. kr. samkvæmt þrengstu skilgreiningu og gera auk þess upptækar ríflega 30 millj. kr. frá þessu ári. Þannig bitna einu tilburðirnir til aðhalds á því sem síst skyldi, samfélagslegum framkvæmdum og þjónustu og málefnum þeirra sem minnst mega sín.

Ljóst er að í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1987 vantar verulegar fjárhæðir til þess að tryggja þann lágmarksrétt þeirra sem hafa nánast eingöngu bætur almannatrygginga sér til framfærslu, að upphæð bótagreiðslna dragist ekki aftur úr launagreiðslum í landinu. Á það hefur vantað verulega á þessu ári þar sem elli- og örorkubætur og tekjutrygging hefur samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins aðeins hækkað um tæplega 17% frá upphafi til loka árs á sama tíma og almennar tekjur hafa hækkað um 35%.

Nú, þegar gerðir hafa verið kjarasamningar um verulega hækkun lágmarkslauna, hljóta þessi kjaramál skjólstæðinga almannatrygginga að koma til sérstakrar endurskoðunar. Síst er ástæða til þess að þeir landsmenn, sem hafa lífsframfæri sitt nánast eingöngu af tryggingabótum, dragist aftur úr öðrum þegar allar ytri aðstæður í þjóðarbúinu eru einhverjar þær hagstæðustu sem þekkst hafa.

Til þess að tryggja kaupmátt jafnt launa sem tryggingabóta þarf stefna stjórnvalda í ríkisfjármálum og efnahagsmálum almennt að þjóna þeim tilgangi að viðhalda efnahagslegu jafnvægi, draga úr þenslu á uppgangstímum en veita viðbótarfjármagn inn í efnahagskerfið á stöðnunar- og samdráttartímum. Þar dugir ekki sú stefna, sem stjórnarflokkarnir hafa ástundað, að hlaða aðeins stíflugarða og greiða hlut ríkisins í aðgerðum í verðlagsmálum með skuldasöfnun einni saman, með þeim afleiðingum sem slík milljarða króna skuldasöfnun árum saman hefur á efnahagskerfið þegar þensla er þar fyrir.

Ef ríkisstjórnin ætlar að afgreiða fjárlög eins og að er stefnt með framlagningu fjárlagafrumvarpsins og halda óbreyttri stefnu í ríkisfjármálum eitt árið enn þá bresta stíflurnar fyrr eða síðar með óhjákvæmilegum afleiðingum: verðlagssprengringu.

Ýmislegt kann að steðja að sem stefnir í hættu árangri nýgerðra kjarasamninga en ljóst er að ein alvarlegasta hættan er stefna stjórnarflokkanna í málefnum ríkissjóðs.

Alþingi, 10. des. 1986.

Geir Gunnarsson,
fundaskr.